



Fundargerð

Fundur fjallskilaneftndar Reykhólahrepps.
fimmtudaginn 25. ágúst 2016, kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Hafliði Ólafsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fjallskilaseðill 2016.

Farið yfir dagsverk og leitir skipulagðar. Farið yfir fjallskilaseðil 2016. Nefndin leggur til að Reykhólahreppur skili að minnsta kosti 10 dagsverkum vegna leita í Múlasveit.

2. Viðgerðir á réttum haustið 2016.

Nefndin leggur til að eftirfarandi lágmarksviðhald fari fram fyrir réttir haustið 2016.

Eyrarrétt.

Laga þarf lamir og fleira, efni ca.50.000.

Kinnarstaðarrétt.

Ekkert aðkallandi, yfirfara lamir og hliðgrindur. Setja upp skilti til þess að stýra umferð óviðkomandi. Bifreiðar safnast of nálægt réttinni, þannig að erfitt er að komast að með vinnuvélar.

Króksfjarðarnesrétt.

Í skoðun.

3. Viðgerðir á réttum 2017.

Neðstu borð á réttinni í Kinnarstaðarrétt eru orðin lúin og þyrfti að skipta út, einnig þarf að breyta hliðum út úr dilkum. Vandamál hefur skapast í Hallsteinsnesi og hugsanlegt að þar vanti nýja rétt í minni kantinum í staðinn fyrir skilarétt í Djúpadal sem lögð hefur verið niður. Laga þarf aðkeyrslu að dilkum í Eyrarrétt.

Einar þakkaði fundarmönnum komuna og sleit fundi.

Önnur mál. (ef einhver)

Fundargerð lesin, fundi slitið 12.15
